

## LISTIR



Morgunblaðið/Jim Smart

Flytjendur Vínarperla og ljúflingslaga: Ólafur Kjartan Sigurðarson, Sigrún Eðvaldsdóttir, Sigurður I. Snorrason, Anna Guðný Guðmundsdóttir, Hanna Dóra Sturludóttir og Páll Einarsson. Á myndina vantar Reyni Sigurðsson.

## Vínartónar og lög Jóns Múla á nýárstónleikum

VÍNARPERLUR og ljúflingslög munu hljóma á nýárstónleikum sem haldnir verða í Hlégarði í kvöld kl. 20 og í Salnum á morgun kl. 16, en það er jafnframt yfirskrift tónleikanna. Leikin og sungin verða lög Jóns Múla Árnasonar við texta Jónasar Árnasonar, bróður hans, einsöngslög og duettar í léttum syrrum, útsettum af Sigurði Ingva Snorrassyni klarinettuleikara, í bland við Vínartónlist af ýmsum toga.

Flytjendur tónleikanna eru margir hverjir íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunnir, en á þeim koma fram söngvararnir Hanna Dóra Sturludóttir og Ólafur Kjartan Sigurðarson, Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó, Sigrún Eðvaldsdóttir fiöla, Sigurður Ingvi Snorrason klarinetta, Páll Ein-

arsson kontrabassi og Reynir Sigurðsson slagverksleikari.

### Lifgar upp á skammdegíð

„Fyrir hlé leikum við vinsæla Vínartónlist, meðal annars arfur úr óperettum en auk þess flytur Sigrún sígaunaljóðið frága eftir Sarasate,“ segir Sigurður í samtali við Morgunblaðið. „Eftir hlé leikum við ellefu lög eftir Jón Múla í þremur syrrum. Þar gefur að heyrja þekkt lög, eins og Án þín og Einu sinni á ágústkvöldi.“ Sigurður segir ástæðuna fyrir því að þessar tvær tónlistartegundir eru leiknar saman á tónleikum vera, að þetta sé þekkt tónlist sem flestir hafa gaman af að heyrja. „Mér þykir ákaflega vænt um Vínartónlistina, og ekki síður um lög Jóns Múla, og það

sama á sjálfsgagt við um flesta Íslendinga.“

Fyrri tónleikarnir verða haldnir í Hlégarði, en Sigurður, Anna Guðný og Reynir eru öll Mosfellingar. „Við höfum verið að reyna að festa svona tónleika í sessi hér í sveitinni. Það mætti gjarnan auka tónleikahald hér í bænum, sem er orðinn ansi stór, svo fólk þurfi ekki að sækja allt inn til Reykjavíkur, Kópavogs eða Hafnarfjarðar,“ segir Sigurður, en undanfarin ár hefur hann staðið fyrir léttum tónleikum á þessum tíma árs. „Þetta virðist vera einhvers konar Vínarmánuður, sem er kannski vegna þess að það eru einmitt haldnir þessir frægju nýárstónleikar í Vín og svipuð hefð hefur fest sig í sessi víða um heim. Okkur veitir eflaust ekki af því hér að lifga aðeins upp á skammdegíð.“

## Hljómbýtt og fallett verk

### TÓNLIST

Háskólabíó

SINFÓNÍÚTÓNLEIKAR

Flutt voru verk eftir Bartók og Ives og frumfluttur flautukonsert eftir Hauk Tómasson. Flytjendur voru Sharon Bezaly, á flautu, Kór Langholtskirkju, stjórnandi Jón Stefánsson. Hljómsveitarstjóri var Ilan Volkov.

FYRSTA verkið á efnisskránni var Divertimento fyrir strengi, eftir Bela Bartók, sem samið var 1939. Verk þetta markar að nokkru tíma-mót, þar sem Bartók reynir að vinna sig frá flóknu og ómstríðu tónferli, enda er verkið bæði tematískt upp á gamlan máta, tóntegunda og miðlægbundnið, háttbundnið í hrynjari og að mestu eka skemmtitónlist. Eitt af því sem er skemmtilegt við þetta verk er rithátturinn fyrir strengina, sem er glæsilegur. Volkov náði góðum tökum á þessu verki og sérstaklega í hæga kaflanum, sem var í ágætum flutningi hljómsveitarinnar áhrifamikill og stemningsríkur.

Annað verkið á efnisskránni var frumflutningur á flautukonsert eftir Hauk Tómasson. Verkið er sérlega hægferðugt í gerð og tónmálið mjög bundið við hljómræna miðlægu (orgelpunkt). Hlutverk flautunnar er oft eins og hluti af hljómsveitarsamspilinu og í raunverulegu einleiksköflunum er tónmálið ofið, sem einkonar tilbrigði við löng tónbil. Það var helst í lokakaflanum þar sem flautuleikarinn fékk að sýna færni sína en ljóst er að Sharon Bezaly er frábær flautuleikari, bæði er varðar tækni, hljómfegurð og túlkun. Þrátt fyrir að þættirnir væru ekki bornir upp af sterkum andstæðum var dreymandi svipur yfir þessu hljómbýða og fallega verki.

Lokaviðfangsefni voru fjórir þættir frá mismunandi tímum eftir Charles Ives. Tónlist þessi mótast nokkuð af því, að faðir Ives, sem var lúðrasveitarmaður, hafði sérstakan áhuga á pólytónal samspli, eins og



Ilan Volkov, Sharon Bezaly og Haukur Tómasson á æfingu.

þegar tvær eða fleiri lúðrasveitir koma til hátíðarhalds úr ýmsum áttum og hljóma samtímis. Allir þættirnir byggjast á sömu hugmyndinni um útihátíðarstemningu og enda þegar lúðrasveitirnar koma samtímis inn á hátíðarsvæðið. Síðasti þætturinn sem er elstur, frá 1904, endar á kórsöng, þakkargerðarsálm, sem Kór Langholtskirkju söng undir stjórn Jóns Stefánssonar. Líklega er ofgert að leika alla þessa þætti á sömu tónleikum, því þeim svipar svo hverjum til annars, að einn þeirra væri nóg.

Ilan Volkov sýnir sig vera efnilegur hljómsveitarstjóri og mátti marka það á alúð hans í mótun hins viðkvæma flautukonserts, eftir Hauk Tómasson, einnig tilþríf í stjórn verkanna eftir Bartók og Ives og að honum tókst að magna upp stemningu í hægu þáttunum. Einleikarinn Sharon Bezaly er frábær einleikari og væri athugiandi fyrir SÍ að fá bæði Volkov og Bezaly til að heimsækja Ísland aftur, því vel má ætla að þau eigi eftir að ná langt í list sinni.

Jón Ásgeirsson

Sex listamenn sýna á Kjarvalsstöðum

## Staðir í rými og tíma

THEN...hluti 4 – minni forma, samsýning sex ungra listamanna verður opnuð á Kjarvalsstöðum í kvöld kl. 20.00. then er alþjóðlegur hópur listamanna sem hefur miðstöð í Lundúnum en markmið hans er að sýna, gefa út og ræða mál-feni sem tengjast nútímalist og lífi. Í verkum sínum vilja listamennirnir vekja hugsanir um form staða, tilfærslur eða staðleysur. Þessi form eru ýmist til í endurminningunni, ímynduð eða í raunveruleikanum. Þau byggjast á menningu nútímans. Slíkar hugmyndir og fyrirmyndir eru ofnar inn í frásagnir sem fjalla um tilfinningalegt og sálrænt ástand eða rými staðar. Þó staðurinn sé rómantískur eða útópískur leikur grunur á að ekki sé allt sem sýnist.

### Upplifun áhorfandans mikilvæg

Gísli Bergmann er sýningarstjóri sýningarinnar og talsmaður hópsins. Hann fæddist á Íslandi, en fluttist ungur til Ástralíu, en síðustu árin hefur hann búið á Englandi. „Við erum allir að fást við það á ýmsan hátt, hvernig við hugsum um staði bæði í endurminningunni og líka hvernig við

minnumst atburða út frá sálrænni minningu. Þetta eru til dæmis pappamódel af stærri húsum. Þá erum við að pæla í því hvort það sé til einhver fullkominn strúktúr í heiminum – eða hvort þetta séu allt hugmyndir. Þetta er maður alltaf að hugsa um þegar maður gerir eitthvað – líta til baka og horfa á hvað hefur verið gert áður. Listin er módel og listasagan er líka módel. Formbygging í myndlist er líka módel. Við erum að spyrja spurninga um þessi módel og þessi form, og hvað fólk finnst um þau. Verkin okkar eru figúrátív, en við höfum áhuga á því hvar línan liggur á milli þess og hins sem er abstrakt. Við erum líka að pæla í því hvar mörkin liggja á milli handverks og listar. Það er hægt að mála með textíl, og líka að sauma í tré, þannig að það eru auðvitað spurningar um tungumál forms og efnis.“ Gísli segir að then-hópurinn hafi mikinn áhuga á áhorfendum og hvernig þeir skynji og upplifi verk þeirra. „Áhorfandinn skiptir miklu máli. Saga hans, bakgrunnur, staðsetning í heiminum, reynsla, menning og kyn, eru allt þættir sem skipta máli fyrir upplifun hans. Hér er verk sem heitir Blokk. Fyrir Breta



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Birgir Snæbjörn Birgisson og Gísli Bergmann við pappaborg Miles Hendersons Smiths. Erlendu listamennirnir koma til landsins í dag.

er þetta sérstakt og ákveðið fyrirbæri – blokk í austurhluta Lundúna, og þar býr fátækt fólk. Fyrir þá þýðir verkið það – og er ekki bara einhver bygging. Hún segir líka sögu af þeirri stéttaskiptingu sem viðgengst þar. Módel af garðhýsi þýðir eitthvað allt annað. Við vitum að hann tilheyrir allt annars konar heimili. Þar er hægt að fela sig og láta sig dreyma í friði og ró og slappa af frá veruleikanum. Þess vegna er þetta ekki bara garðhýsi, þetta er tákna.“

Á sunnudagskvöldi kl. 20 heldur enski heimspekingurinn Jonathan Dronsfeld fyrirlestur í Hafnarhúsi í tengslum við sýninguna á Kjarvalsstöðum og segir Gísli, að þar fjalli hann um staði og rými í myndlist. „Orðið „then“

hefur mikið að segja um tíma – hvort það er fortíð, framtíð eða núna. Þegar við erum að tala um sérstaka staði, erum við líka að hugsa um rými eða svæði þar sem staðirnir eru í. Við erum þar með líka að búa til rými fyrir áhorfandann til að horfa á staðinn. Þetta er eins og að búa til umhverfi fyrir áhorfanda til að skoða listaverk í. Umhverfi eða rými listarinnar er þar sem áhorfandinn finnur hjá sér kenndir og tilfinningar gagnvart listinni, og þar tölum við til áhorfandans gegnum listina.“

### Then – alþjóðlegur hópur

Stefan Bottenberg (Þýskaland, Belgía, Bretland) endurskapar æskuminningar í formi úthverfarkitektúrs Belgíu og nýtir sér

hann til að skapa óvenjulegan ullarútsaum í krossvið. Fyrirmyndarhús hans sýna tómið í hjarta fyrirmyndarborgarinnar. Gísli Bergmann (Ísland, Ástralía, Bretland) sýnir málverk sem fjalla um skynjun: þau sýna minningarbrot frá fundum nafnlausra skuggamynda sem eru staðsettar í íslensku landslagi æsku hans. Miles Henderson Smith (Bretland) hugleiðir staði, hvernig þeir eru byggðir og hvernig þeirra er minnst. Pappaborg hans sýnir ímyndað rými sem er skapað úr hlutum allra þeirra borga sem hann hefur heimsótt. Málverk hans og módel sýna andlitslausa ferðamannastaði sem eru allir eins. Birgir Snæbjörn Birgisson (Ísland) sýnir myndir af ljóshærðum og bláeygðum hjúkrunarfræðingum sem vekja áhorfendum jafnvel öryggiskennd og vellíðan en kveikja jafnframt efasemdir um heim umönnunar, valds og tilraunir fólks til að fela hið holdlega, unad og sársauka með bómullarkenndri breiðu hreinleika. Tom Merry (Bretland) mótar höfuð sem tákna mikinn áhuga hans á borgarmúgnum og sýna andlitslausa íbúa í fjandsamlegu umhverfi nútímans. Þeir eru nafnlausir og setja upp grímur mögulegs óöryggis og fíringar. Andrew Child (Bretland) býr til verk sem endurspeglar fyrirmyndarríki og vekja upp spurningar um hvað það er sem skapi svo fullkomna staði. Andrúmsloftið er þægilegt en samt má finna fjarveru sem skapar um leið þrá eftir slíkum hvíldarstöðum og óþægindi vegna þess að þeir eru ekki til.

Sýningu then-hópsins á Kjarvalsstöðum lýkur 2. mars.